# MIÐBORGAR PÓSTURINN

Nr. 34
Desember 2016 - 11. árg.

FRÍTT EINTAK!








# Spennandi jólamatseðill á Tapasbarnum



Síðustu ár hefur Tapasbarinn boðið uppá 9 rétta jólamatseðilinn sem er óhætt að segja að hafi slegið í gegn. Jólamatseðillinn er tilvalin fyrir þá sem vilja tilbreytingu frá hinum hefðbundu jólahlaðborðum og réttirnir eru skemmtileg blanda íslenskra og spænskra jólahefða. Byrjað er á Faustino freyðivíni í fordrykk og 7 gómsætir jóla tapasréttir fylgja síðan í kjölfarið:

- Hvítlauksbakaðir humarhalar
- Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette
- Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
- Spænsk marineruð síld með kóriander og mangó
- Kalkúnabringa með spænskri „stuffing" og calvados villisveppasósu
- Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
- Hægelduð grísasíða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

Og í lokin eru svo framreiddir tveir ljúfir eftirréttir; rise a la mande með berjasafti og ekta súkkulaðiterta. Jólamatseðilinn kostar 7.990 kr. Það er um að gera að panta sér borð á Tapasbarnum fyrir jólin og skella sér í ljúffengan jólamatseðil.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur alls ferna jólatónleika laugardaginn 17. desember og sunnudaginn 18. desember. Á tónleikunum er hátíðleikinn í fyrirrúmi og þar eiga sígildar jólaperlur fastan sess.

Í ár hljómar nýr forleikur með jólalögum frá Norðurlöndunum sem gefur upptaktinn að dagskránni. Auk hljómsveitarinnar koma fram margir hópar barna og unglinga sem spila, dansa og syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nemendur Listdansskólans túlka Blómavals Tsjajkovskíjs og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar leikur hið sígilda íslenska jólalag Jólin alls staðar. Skólahljómsveit Kópavogs flytur vinsælt lag Gunnars Þórðarsonar Aðfangadagskvöld og ungir einleikarar koma fram í hinu ægifagra Panis Angelicus.

Einsöngvararnir Eivör Pálsdóttir, Hallveig Rúnarsdóttir og Kolbrún Vökudóttir koma fram sem og kórar úr Langholtskirkju og táknmálskór sem flytja úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Trúðurinn Barbara kynnir tónleikana af sinni alkunnu snilld en tónleikarnir eru einnig túlkaðir á táknmáli. Alls verða vel á 3. hundrað flytjenda á sviði Eldborgar þegar mest lætur.



Sinfóníuhljómsveit Íslands gaf nýverið út jóladiskinn Jólaög með úrvali þeirra laga sem heyrst hefur í gegnum tíðina á jólatónleikum sveitarinnar. Diskurinn seldist upp fyrir síðsutu jól en nú er von á nýrri sendingu í verslanir.

Til að tryggja réttu stemmninguna taka nemendur úr Skólahljómsveit Kópavogs og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar á móti gestum í Hörpu og spila létta tónlist fyrir og eftir tónleika í anddyrinu.



**Útgefandi:**
Fjölmiðla- og hugmyndahúsið ehf.
**Ritstjóri:**
Eiríkur Einarsson
**Umbrot:**
Grafíker ehf.
**Forsíðumynd:**
Pétur Friðgeirsson
**Prentun:**
Landsprent
**Sími:**
699 77 64
**Auglýsingar:**
midborgin@gmail.com






# Eilíft ljós, sem aldrei deyr

## Flutt 26. desember 2002

Fæðing Jesú Krists varð með þessum atburðum: María, móðir hans, var föstnuð Jósef. En áður en þau komu saman, reyndist hún þunguð af heilögum anda.Jósef, festarmaður hennar, sem var grandvar, vildi ekki gjöra henni opinbera minnkun og hugðist skilja við hana í kyrrþey. Hann hafði ráðið þetta með sér, en þá vitraðist honum engill Drottins í draumi og sagði: Jósef, sonur Davíðs, óttastu ekki að taka til þín Maríu, heitkonu þína. Barnið, sem hún gengur með, er af heilögum anda.Hún mun son ala, og hann skaltu láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra.

Allt varð þetta til þess, að rætast skyldu orð Drottins fyrir munn spámannsins: Sjá, mærin mun þunguð verða og son ala. Nafn hans mun vera Immanúel, það þýðir: Guð með oss.

Þegar Jósef vaknaði, gjörði hann eins og engill Drottins hafði boðið honum og tók konu sína til sín. Hann kenndi hennar ekki fyrr en hún hafði alið son. Og hann gaf honum nafnið JESÚS.Matt 1.18-25

Guð gefi mér eilíft ljós, sem aldrei deyr.

Þannig bað fólk áður fyrr, þegar það slökkti ljós. Það rifjar Hannes skáld Pétursson upp í fallegum söguþætti um heimili í Skagafirði. Konu þekkti ég náið, skaftfellska, sem jafnan fór fyrr á fætur en aðrir á bænum og síðast í rúmið á kvöldin og slökkti á lampanum í baðstofunni um leið og hún gekk til sængur og sagði þá með sjálfri sér: Ljósið þitt lýsi mér, lifandi Jesús minn.

Mér þykir gott að vita þetta og að kveðja á sama hátt þau ljós, sem slokkna. Jólaljósin lifa enn og áfram um sinn en eru líklega eitthvað farin að dofna á annan í jólum. Þau eru búin að loga svo lengi og víða, þau koma svo snemma upp í seinni tíð, það liggur svo mikið á að vekja athygli á því, hvað jólin eiga að kosta, hvað við þurfum að kaupa mikið til þess að geta verið glöð og glatt aðra, til þess að vinátta, hugulsemi, ást komist til skila. Ég nefndi hér hluti, sem sannarlega kosta, verða aldrei verðlagðir of hátt. Og það veit ég og þakka, að þessi jól, eins og önnur, hafa gefið mikið af sér af góðvild og gleði og birtu í sál.

Já, gefið. Hvað er selt og hvað verður keypt? Einhverntíma var því logið upp, að íslensku norðurljósin hefðu verið seld í útlöndum. Það var hlegið að þessu úti hér, það þótti fyndið og harla gott, að íslensk snilligáfa skyldi geta leikið svona á ríka útlendinga, því öllum var ljóst, að það er ekki hægt að selja norðurljósin. Einhvern heyrði ég mann segja fyrir löngu: Það er búið að selja jólin mín. Annan heyrði ég segja nýlega: Ætli þeir selji ekki bráðum loftið og sólskinið frá mér?

Mín og frá mér? Hvað er mitt? Aldrei átti ég loftið og sólskinið, það hef ég fengið gefins, leigulaust og skattfrjálst. Og eins er um hverja virkilega hamingjustund. Alla djúpa gleði, alla heila og góða innri fullnægju, alla lífsnautn, sem auðgar varanlega og verður mikil og albjört í minningunni. Allt var það gefins, eða náð á kristnu máli. Og að sjá, meta og þakka það, sem maður þiggur og er metanlegt, það er einmitt hamingjan, lífshamingja á ekki aðra trygga uppsprettu en þetta. Vitaskuld þurfum við að borga margt, marga ómissandi þjónustu annarra, lífsnauðsynjar og heilnæman óþarfa svonefndan, en skilyrðin til að njóta eru gefins og óborganleg. Ég hef ekki keypt neitt það andartak, sem var mér dýrmætast, ég hefði ekki getað það, þó að ég hefði haft milljónir í mánaðarlaun. Ekkert trútt og hlýtt handtak hef ég keypt, ekkert uppörvandi, ástúðlegt bros, ekkert það viðmót, sem auðgaði og blessaði líf mitt, engin þau mannleg viðbrögð, sem gáfu mér birtu og yl. Já, þar mætti ég einmitt þeirri birtu og þeim yl, sem er í ætt við jólin. Þar voru englar jólanna í nánd en jólasveinar hvergi nærri.



Ég hef oft horft á lítið barn og aldrei án þess að finna, að þar voru englar hjá, þar var reyndar kominn engill með skilaboð frá Guði um þá veröld hreinleikans, friðarins, ljóssins, sem hann á og vill gefa öllum, sem fæðast, þess vegna fæddist þetta barn í Betlehem, sem birtir Guð á jörð, og þess vegna getum við sungið á jólum og allt árið reyndar: Í hverju barni sé ég þína mynd. Þína mynd, Jesús, og englanna þinna.

Englar eru sendiboðar úr heimi, sem hefur ekkert að selja en allt að gefa. Þeir eru sendir til að segja, hvað tilveran er takmarkalaust örlát, það er leyndardómur ólýsanlegrar náðar fólginn í hverju ljósi, hverjum geisla, það er leyndardómur eilífs kærleika, sem birtist þar, það er geislinn úr augum elskandi Guðs, sem mætir þér þar, það er ljós heimsins og líf allrar tilveru, sem skín þar inn í augun þín og leitar inn í hjarta þitt.

### Þetta segja jólin

Það hvíla á þér augu, heið og tær, barnsaugu, eilíflega ung. En það er þjáning í þeim augum, þar er þraut og synd og sorg þín og mín og alls heimsins. Ljós þeirra augna skín frá hæstum hæðum niður í myrkustu undirdjúp. Þetta máttu vita, líka þegar þú átt bágt, þegar þér finnst sundin lokast og allt hrynja. Þetta er satt, þó að myrkur og sorti grúfi yfir löndum og þjóðum, þó að heift og örvænting ríki í Betlehem, þar sem Jesús var nærri því orðinn úti um leið og hann kom í þennan heim, þetta er satt, þó að ofstopinn og grimmdin sé að urra og myrða í Jerúsalem, borginni, sem úthýsti honum alveg og með hrottalegasta hætti. En það var líka þar, sem hann reis upp frá dauðum. Af því að Guð er eilíf ást, eins og við sungum áðan, úthýst og krossfest æ að nýju með mismunandi aðferðum, samt að sigra, þessi blindi, þjáði mannheimur er í eitt skipti fyrir öll merktur þeim sigri og helgaður þeim sigri, sem hin eilífa ást vann, hin hógværa, hrakta, forsmáða miskunn, hin þrotlausa náð, hin krossfesta, óbilandi elska, sem sigrar með þrautum og sigrar til fulls. Og þetta megum við þiggja, þú og ég og hvert mannsbarn, við megum þiggja það að láta sigrast af sigrandi, eilífum kærleika og sigra með honum. Og að þiggja þetta, þessa trú, þessa gjöf heilags anda Guðs og heilagra engla hans, það er að þiggja eilíft ljós, sem aldrei deyr.

Maður nútímans á erfitt með að skilja, að það sé einhvers virði, sem ekki þarf að kaupa eða klófesta. Hann getur svo mikið sjálfur. Er það ekki þess vegna, sem kristin trú er svo lítils metin af mörgum? Hún er rétt eins og sólin, sem bara gefur geislana sína og heimtar ekkert annað en að fá að lýsa og verma og gefa líf.

Bakkabræður byggðu sér bæ og hann var ágætur, nema þeir gleymdu glugganum. En þeim fannst enginn vandi að bæta úr því, þeir gátu tekið sólarljósið með höndunum úti á túni og borið það inn í bæinn. Þeir hefðu auðvitað keypt slatta af sólargeislum, ef þeir hefðu verið auglýstir til sölu. En það er ýmislegt, sem Guð áskilur sér að gefa, bara gefa, og öllum jafnt, því allir eru sömu öreigar í raun. Eða öllu heldur: Eigendur sama auðs, ef þeir þekkja hann og þiggja.

Þeir frægu Bakkabræður, sem svo margir hafa hlegið að sér til heilsubótar, þeir eru skoplegir álengdar, en voru þeir ekki bara á undan sínum tíma, eða nútímamenn? Þeir höfðu takmarkalausa trú á handaflinu eða tækninni, blinda trú á það, að allt verði gripið, hrifsað, en gleymdu því, að það sem mestu skiptir verða menn að hafa auðmýkt til að þiggja blátt áfram. Maður hvorki kaupir né gleypir sólina en hún skín inn á mann, ef glugginn gleymist ekki. Maður gómar ekki hamingju sína eða lífslán sitt með neinum tæknibrögðum eða fjármunum, þar er allt komið undir því að hafa gluggann í lagi eða hjartað opið og þiggja. Og láta svo aftur í té eitthvað úr þeim sjóði, sem hjartað þiggur.

Trúin sem við eigum, kristnir menn, hún er ekkert að miklast af, hún er ekkert annað en að við viljum lofa Guði að lýsa á gluggann, inn í hjartað.

Lítil stúlka horfði á kerti brenna út. Hvert fór ljósið, spurði hún? Ætli það hafi ekki farið inn í þig? svaraði ég. Var ég að skrökva? Ég var ekki að kenna barninu eðlisfræði. En þarna var ljósþyrst sál, opin á móti því ljósi, sem eitt lýsir upp allt myrkur í lífi og dauða. Það er sjálft ljós heimsins, Jesús Kristur. Ég var að biðja fyrir henni, alveg eins og fyrir ykkur núna, að hún héldi áfram að taka á móti því ljósi, að líf hennar mætti helgast af þeirri trú, sem í rauninni felst öll í þessum fáu og auðlærðu bænarorðum: Guð gefi mér eilíft ljós, sem aldrei deyr. Ljósið þitt lýsi mér, lifandi Jesús minn.

Sigurbjörn Einarsson var biskup. Þessi prédikun var flutt í Hallgrímskirkju á öðrum jóladegi, 26. desember 2002.






APOTEK
KITCHEN+BAR



JÓLIN Á APOTEKINU

FRÁ KL. 17

7 rétta jólaveisla

FORDRYKKUR – freyðivín

TE GRAFINN LAX
Skallottukrem, dillmæjó, hrogn, súrdeigs kex

ANDABRINGA
Gulrótarkrem, portvínssósa

ÍSLENSKT LANDSLAG
Nauta tartar, reyktur ostur, rúgbrauð, pikklaður laukur, ediksnjór

LETURHUMAR
Jólatré og beurre noisette

SVÍNASÍÐA
Reykt sellerí-purée, kirsuberjasósa, fersk epli, pikklaður skallottulaukur

GRILLUÐ NAUTALUND
Jarðskokka og hvítsúkkulaði-purée, steiktar næpur með sveskjum og heslihnetum, kaffi-hollandaise

EFTIRRÉTTUR

JÓLAKÚLA
Kryddkex, karamelluseruð hvítsúkkulaðimús, epla og fáfnisgrasfylling

8.900 kr.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 551 0011

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // apotek.is

# Jólakveðja frá Loka






Ýmsar vættir fara á kreik í kringum jól eins og við þekkjum öll. Jólasveinarnir hafa fengið sína athygli sem og Grýla & Leppalúði. Loki nokkur er af allt öðrum meiði og þar sem hann er ólíkindatól birtist hann um þessar mundir í glæsilegum aðventuplatta á Kaffi Loka þar sem hver munnbiti gælir við bragðlaukana. Loki horfir til liðins tíma og því notast hann að mestu við vel reykt hangikjöt og reykta Mývatnsreyð. Síldin er vel legin í kanil og öðru kryddi sem hefur tíðkast í jólahaldi okkar lengi – sannkölluð jólasíld. Loka líkar best við rúgbrauðið og því notar hann það á fjölbreyttan hátt og hefur gaman af að þreyfa sig áfram. Loki er einmitt þekktur af sínu fólki fyrir að fara ótroðnar slóðir og bregða sér í allra kvikinda líki. Komið og reynið sérstæðan jóladisk Kaffi Loka sem er hvíld frá stöðluðum hlaðborðum. Þið verðið ekki fyrir vonbrigðum.

Loki var Laufeyjarson og því heitir nýjasta afurðin, bjórinn okkar Loki Laufeyjarson sem er rafgullið öl með malt og karamellubragði bruggað norður í landi. Jólasnafsinn er líka hægt að fá sér en framleiðandinn hefur kannski verið með aðventuplatta Loka í huga því á flöskunum í stendur: hentar sérstaklega vel með rúgbrauði, síld og reyktu kjöti.



**Aðventuplatti Kaffi Loka:**
Hangikjötstartar úr tvíreyktu mývetnsku hangikjöti með piparrótarrjóma.

- Rúgbrauð með sérlagaðri jólasíld sem er lostæti.
- Sjávarréttatartaletta gratíneruð í hvítvínssósu.
- Reyktur Skútustaðasilungur með sætri dillsósu.
- Rúgbrauðsís sem við erum að verða fræg fyrir.

Aðeins 3.700 krónur
Opnunartímar og aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.loki.is og einnig er hægt að fylgjast með á facebokk www.facebook.com/







# Ný glæsileg tískuverslun á Skólavörðustíg 16a

Á Skólavörðustíg 16a var að opna ný og glæsileg tískuverlsun sem að einmitt heitir því einfalda nafni sem auðvelt er að muna; 16a.

Opnaði verslunin á Skólavörðustíg 16a í september síðastliðnum þar sem áður var til húsa Gallerí Smíðar og skart.

Það sem einkennir 16a eru kvenleg, litrík og klæðileg föt, skór og fylgihlutir á góðu verði. Vörumerkin eru ekki af lakari taginu og mörg hver heimsþekkt frá evrópskum framleiðendum, m.a. frá ítölskum, frönskum, hollenskum og dönskum, má þar nefna King Louie, Sessún, Mjus og Depeche.

Með vorinu bætast við enn fleiri þekkt merki í hópinn m.a. frá Nice Things og Edith Ella.

Þær stelpur í 16a hafa gert ýmislegt til þess að hafa umhverfi verslunarinnar hlýlegt, þannig að viðskiptavininum líði vel, gefi sér tíma og njóti góðrar þjónustu og hafi gaman að því að versla, skoða og heimsækja verslunina þeirra í gamla miðbæinn og upplifa í leiðinni gömlu miðbæjarstemninguna. Eru það orð að sönnu, því það er mjög hlýlegt og notalegt að kíkja þarna inn til þeirra og skoða og máta flóruna af öllum þeim góðu vörum sem þær eru með. Já, og gefa sér góðan tíma til þess. Við óskum þeim stöllum til hamingju með nýju búðina og bjóðum þær velkomnar í miðbæinn.








sushi samba

8 rétta deluxe

Jóla matseðill



Við byrjum á glasi af freyðivíni

**Krónhjartar „Tataki“**
Kaldreyktar perur, vinagriette og friseesalat

**Pekingönd**
Svart-hvítlauksmauk, brennt blómkál og Waldorfsalat

**Reykt bleikjurúlla**
Tvíreykt bleikja, japönsk ommiletta

**Reykt laxahrogn „Gunkan“**

**Bleikju nigiri**
Birkikrydd

**Leturhumar**
Steiktur leturhumar, grænt sellerí, vorlaukur, humar-smjörsósa og mangósalsa

**Nautalund**
Kartöfluterrin með sveppum, grænertur, soðsósa, nípumauk

Og í eftirrétt

**Jóla-ostakaka**
Piparkökucrumble, Amaretto-karamella, eplasorbet

7.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir í síma 568-6600

Sushi Samba
Þingholtsstræti 5
sushisamba.is


# Þar sem íslenskar lopapeysur fást

## - í orðsins fyllstu merkingu





Í nóvembermánuði minnir vetur konungur á sig. Við fáum öll veðrabrigði og eins og gárungarnir segja „rjúpnaveiðin er hafin og rjúpnaveiðimenn farnir að villast, þá eru jólin á næsta leyti.“ Sem betur fer hafa þau ævintýri öll endað vel, þökk sé öllu því frábæra fólki sem leggur á sig ómælda vinnu við leit og björgun. Í nóvember byrjar líka aðventan, við byrjum að heyra jólalögin og borg og bæir kveikja jólaljósin. Aðventan og jólin stytta svo sannarlega fyrir okkur skammdegið. Okkur sem búum í Reykjavík eða eigum þar leið um finnst ómissandi þáttur í aðdraganda jóla að fara í miðbæinn, fá okkur heitt kakó og smákökur, hitta vini og kunningja og skoða hvað verslanir hafa að bjóða.

Af öðrum götum í Reykjavík ólöstuðum þá hefur Skólavörðustígurinn löngum þótt hafa sérstöðu. Hvergi er að finna á einni götu jafn margar verslanir með vörur handunnar af hinum ýmsu listamönnum og hönnuðum. Á Skólavörðustíg 19 hefur verslun Handprjónasambands Íslands staðið frá 1977. Handprjónasambandið er félagsskapur nokkur hundruð manna og kvenna sem drýgja heimilistekjurnar með því að prjóna peysur, vettlinga, húfur og fleira úr íslensku ullinni.

Íslenska ullin hefur mikla sérstöðu enda er hún af sauðfjárstofni sem lifað hefur á Íslandi frá landnámi og því aðlagað sig okkar hörðu veðráttu. Má líka með sanni segja að sauðféð hafi haldið lífi í þjóðinni á liðnum öldum; við notuðum ullina og skinnin til að halda á okkur hita og svo voru kjöt og innmatur af sauðfé okkar aðalfæða allan ársins hring.

Nýlega var bent á að fatnaður úr íslensku ullinni þar með talin lopapeysan er miklu umhverfisvænni en margar aðrar skjólflíkur til dæmis flísfatnaður því þegar flísfatnaður er þveginn þá skolast mikið magn af örlitlum plastögnum út í hafið sem svo setjast í tálkn fiska. Ekkert slíkt gerist þegar lopapeysan er þvegin.

En hvað er þá íslenska lopapeysan og hversu íslensk er hún? Lopapeysan hefur löngum verið táknmynd fatnaðar þeirra sem vinna útivinnu; sjómenn, bændur og verkamenn og svo er hún ómissandi þegar haldið er á ættarmót og aðrar samkomur þar sem dvalið er mikið utanhúss. Um miðja síðustu öld sáu menn tækifæri í því að gera íslensku lopapeysuna áhugaverða fyrir ferðamenn og hefur hún síðan verið það sem flestir ferðamenn óska sér að geta tekið með sér frá Íslandi.

Á síðustu árum hafa menn séð tækifæri í því að láta framleiða „íslenskar lopapeysur“ í fjarlægum löndum og bjóða ferðamönnum þannig til sölu vöru sem lítur út fyrir að vera íslensk. Við búum nefnilega við það hér á landi að ekki er skylt að sýna hver uppruni iðnaðarvöru er.

Flestir ferðamenn taka þó vörur framleiddar á Íslandi fram yfir þær vörur sem eru eftirlíkingar og framleiddar í löndum þar sem verkafólk býr við ömurleg kjör og vinnuaðstæður.

Handprjónasambandið hefur frá byrjun hvatt ferðamenn og aðra til að kaupa lopapeysur og annan fatnað unninn úr íslensku ullinni af þeim sem framleiða vöruna. Enda er fátt eins íslenskt eins og að gefa vinum og ættingjum erlendis íslenska lopapeysu í jólagjöf. Þá þarf að vera hægt að treysta því að peysan sé örugglega íslensk því má treysta í verslunum Handprjónasambandsins á Skólavörðustíg 19 og Laugavegi 53b.


Stækkunarglerslampar







Vandaðir stækkunarglerslampar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is





# Eftirsótt íslensk úr

## frá JS Watch co. Reykjavik





JS Úrin eru íslensk frá grunni, þau eru hönnuð á teikniborði JS hér heima og allir íhlutir sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss. Þá eru úrin sett saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar. Sérstaða úranna á íslenskum markaði gerir það að verkum að erlendir gestir og úrasafnarar sækjast gjarnan eftir úrunum. Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almenningur allur. Meðal þekktra einstaklinga má þó til gamans nefna Quentin Tarantino, Jude, Law, Viggo Mortensen, Elvis Costello, Constantine Grikklandskonung, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama og Tom Cruise. Vörulína JS Watch co. Reykjavík fer ört stækkandi og úrval úra aldrei verið meira. Nánari upplýsingar um úr og hönnun má finna á www.gilbert.is

# Jólagjafir fyrir alla í Fjallakofanum

„Það sem vörurnar í Fjallakofanum eiga sameiginlegt eru gæðin," segir Gunnar Hjálmarsson, sem er betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Dr. Gunni, en talar hér sem verslunarstjóri Fjallakofans á Laugavegi 11. „Ég byrjaði að vinna hérna í maí og er kominn nokkuð vel inn í þennan útivistarbransa, þó maður sé reyndar alltaf að læra."

„Laugavegurinn var oft eins og Times Square í sumar, ótrúlegur straumur af túristum," segir Gunnar. „Þá var kúnnahópurinn allavega 90% útlendingar og vel flestir af þeim að fara að ganga „Laugaveginn" á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Við erum oft á tíðum að upplifa okkur sem hálfgerð Upplýsingamiðstöð ferðamannsins, og erum að reyna eins vel og hægt er að afgreiða alla þannig að þeir fara glaðir og ánægðir frá Fjallakofanum með rétta búnaðinn og réttu upplýsingarnar til þess að njóta þess sem ferð þeirra býður upp á."

Gunnar segir mörkin á milli útivistarfatnaðar og hversdagsfatnaðar séu alltaf að verða óskýrari. Hann tiltekur Scarpa Mojito skóna sem dæmi. „Þetta eru frábærlega þægilegir skór fyrir alla daglega notkun, léttir, flottir og til í 30 litum eða svo. Ég væri líklega búinn í fótunum hérna á gólfinu ef ég væri í einhverju öðru. Þessir skór hafa notið gríðarlegra vinsælda á Íslandi síðan við förum að selja þá 2011."



Hann heldur áfram: „Fjallakofinn er alls ekki sérverslun fyrir útivistagarpa eingöngu, hér eru frábær föt fyrir alla, allt frá sokkum og nærbuxum í harðjaxla-vetrarúlpur. En auðvitað er hér allt til útivistar líka, allur fatnaður sem þarf, og margt fleira eins og t.d. svefnpokar, skíðahjálmar og gleraugu, vasahnífar, prímusar, áttavitar, höfuðljós og hálkugormar, svo ég nefni eitthvað."



Fjallakofinn selur hágæða erlend merki. „Sé fólk að hreyfa sig utandyra er alveg „möst" að vera í ullarnærfötum frá Smartwool , enda seljum við mikið af þeim fyrir jólin. Þar er framleitt úr nýsjálenskri Merino ull sem er með alla eiginleika ullar nema að mann klæjar ekki undan þessum fötum. Þau anda mjög vel og maður svitnar ekki í þeim, en þau halda frábærlega á manni hita. Önnur háklassa merki sem ég get nefnt og við erum með eru til dæmis Marmot, Black Diamond, Arc'teryx, allt heimsfræg útivistarmerki sem hafa verið að færa sig inn á almennan hversdagsmarkað.

Gunnar og hans starfsfólk í Fjallakofanum Laugavegi 11 hlakkar til þess að fá ykkur í heimsókn fyrir jólin.




# POPUP VERZLUN

## - Jólamarkaður í Listasafni reykjavíkur






PopUp Verzlun heldur upp á hátíðarnar með stórum hönnunar og listamarkaði í porti Hafnarhússins laugardaginn 10. desember frá 11:00 til 17:00. Í ár hafa aldrei verið jafn margir hönnuðir og listamenn eða 42 talsins og helmingur þeirra nýir til þátttöku hjá okkur. Fjölbreyttur hópur tekur þátt en listamönnum og vinnustofum sem leggja áherslu á hönnunarvörur var boðin þátttaka, ásamt því verður samstarf við Frú Laugu matstofu og kórar koma á markaðinn og syngja jólalög. Í fyrra heimsóttu yfir 4000 manns markaðinn og búast má við svipaðri aðsókn í ár. Jólaandi verður ríkjandi í Hafnarhúsinu meðan á markaðnum stendur. Kórar koma og gefa tóninn fyrir jólin með fallegum söng á svölum Portsins. Frú Lauga Matstofa verður í samstarfi við PopUp Verzlun, með opið á efri hæð safnsins, en þar geta fjölskyldur og vinir tyllt sér eftir jólainnkaupin og gætt sér á hátíðlegum kræsingum, jólaglöggi og piparkökum. Kærleikskúlan og Jólaóróinn 2016 verða til sölu á deginum en íslenskir listamenn hafa gefið hönnun sína í þágu fatlaðra barna og ungmenna í formi kúlunnar og óróans um árabil. Hönnuðurnir og listamenn sem taka þátt í jólamarkaði PopUp Verzlunar í ár eru eins ólíkir og þeir eru margir. Helmingur þátttakenda eða 21 talsins eru að taka þátt í fyrsta skiptið, mikið verður því um nýjar vörur, jólaglaðninga, afslætti og ýmis tilboð milliliðalaust beint til neytenda. Borðspil, ilmkerti, húðvörur, keramik, skartgripir, veggverk, teikningar, föðurland, silkislæður, listaverk, jólaskraut, bækur, barnaföt, skurðarbretti, undirföt og fleira verður hægt að versla frá merkjunum : SKINBOSS, Allie Doersch, Shadow Creatures, Amikat, Meiður, IlDEM, Náttuglur, Hanna Gréta, Óskabönd, TINDAR, Helga Sif, Geislar, TWIN WITHIN, Mirroring Moments, Heiða Eiríks, Glingling, Ingibjörg Huld Knits, Vegg, EG Ilma, ANNA ÞÓRUNN, Ragnheiður Jónsdóttir Illustrations, Between trolls, Farvi, Postulina, Cool Design, DIMMBLÁ, DayNew, Stóra Lúna, Myrra Mjöll, AUGUSTAV, Laufey Jónsdóttir, Inosk, Frostwear, Emmanuelle Hiron, Maja Stína, Þórey Sigurbjörnsdóttir, Dóttir Beloved, Guggzý, Angan, Kærleikskúlan & Jólaóróinn 2016. Jólamarkaður PopUp Verzlunar í ár verður stútfullur af fallegum lífstílsvörum, einstökum listaverkum, kræsingum og ljúfri tónlist. Þetta er frábært tækifæri fyrir fagurkera á öllum aldri að hitta hönnuðina á bak við vöruna, kynna sér og kaupa íslenskt í jólapakkann. Komdu og upplifðu með okkur! PopUp Verzlun var stofnuð 2009 af fjórum fatahönnuðum. Markmiðið er að skapa vettvang fyrir grasrótar hönnuði og listamenn að koma sínum vörum á framfæri og hefur PopUp Verzlun staðið fyrir fjölda hönnunarmarkaða. Í ár verður vöru úrvalið fjölbreyttara en list, matar- og lífstílsvörur bætast í flóruna Þetta verður í áttunda skiptið sem hönnunarmarkaður er settur upp á aðventunni.

# Í góðu starfsumhverfi

## - og skemmtilegri stemningu úti á Granda




Gullsmiðir Jens hafa frá stofnun fyrirtækisins árið 1965 verið þekktir fyrir djarfa og framsækna hönnun sem þótt hefur áberandi í skartgripatísku Íslendinga.

„Við erum stolt af hönnun okkar sem er innblásin af þeirri ríku sögu og reynslu sem við höfum öðlast frá upphafi þessa litla fjölskyldufyrirtækis. Og nú á fimmtíu ára starfsafmæli félagsins höfum við opnað tvær nýjar verslanir; glæsilega verslun í Smáralind og svo flotta litla verslun á Grandagarði 31 þar sem verkstæðið er einnig þar sem hægt er að líta inn og sjá gullsmiðina að verki," segir Berglind Snorra hjá Jens ehf.

Berglind Snorra er þriðja kynslóð gullsmiða, hún er einnig húsgagna- og vöruhönnuður. Jón Snorri Sigurðsson, faðir Berglindar, hefur starfað hjá fyrirtækinu frá stofnun þess og hefur haslað sér völl sem gullmsmiður og skúlptúristi. Þau feðgin Snorri og Berglind hafa saman hannað innréttingar og útlit verslanna Jens ehf, má segja að að allar þrjár búðirnar bæði í Kringlu, í Smáralind og svo sú nýjasta, úti á Granda fengið nýtt og “módern look” sem er vert að skoða.

„Jólavörurnar rigna nú í verslanirnar, og er mikil stemning á verkstæðinu hjá okkur. Við erum einnig að handsmíða gjafavöru sem hefur slegið algjörlega í gegn og er gaman að bjóða í bland við skartgripina," segir Berglind.

„Hjá okkur starfar gott fólk, sem sinnir viðskiptavinum okkar og ráðleggur á faglegan hátt. Gott starfsumhverfi og skemmtileg stemning hér á Grandanum einkennir dagana okkar hér á verkstæði Jens. Arfleifð okkar og saga drífur áfram sköpunargáfu okkar og við munum árfram smíða vandaða skartgripi eftir eigin hönnun – kynslóð eftir kynslóð," segir Berglind hress og kát í jólaskapi að lokum.



# Gallerí List - einstakt gallerí





Gallerí List í Skipholti 50a eiga nú allir orðið að þekkja en það er elsta starfandi gallerí landsins, starfrækt undanfarin 29 ár eða síðan 1987.

Við kíktum í heimsókn til þeirra og tókum Gunnar Helgason eiganda gallerísins tali.

„Við hjá Gallerí List leggjum metnað okkar í að sýna þverskurðinn af því sem er að gerast í nútímalist á Íslandi, hvort heldur það eru olíuverk, vatnslitaverk, keramik, glermunir, grafíkverk eða eitthvað annað. Markmið okkar er að sem flestir eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort heldur um er að ræða smekk eða verð," segir Gunnar.

Að jafnaði selur Gallerí List listmuni eftir 60-70 listamenn og úrvalið er fjölbreytt.

**Jólavertíðin**

„Senn fer jólavertíðin að ganga í garð og þá kemur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga sem vilja gefa starfsmönnum og vandamönnum sínum persónulegar jólagjafir og þá er úrvalið gott og fjölbreytt hjá okkur. List er góð gjöf sem fylgir viðtakandanum en óneitanlega er það mjög persónulegt hvaða muni við viljum skreyta heimili okkar með. Það er einn af okkar helstu kostum að skipta má vörunni og velja úr verkum eftir hátt í 70 listamenn," segir Gunnar Helgason í Galleri List.

Þess má geta að Gallerí List býður viðskiptavinum sínum upp á vaxtalaus lán til listaverkakaupa.

Gallerí List er til húsa að Skipholti 50a í Reykjavík. www.gallerilist.is











# Þjóðleikhúsið - lifandi leikhús í miðbænum!

**Leikár Þjóðleikhússins hefur farið vel af stað, og nú á jólum og eftir áramót bætast enn fleiri spennandi sýningar í flóru þeirra fjölbreytilegu sýninga sem Þjóðleikhúsið býður áhorfendum upp á.**
**Við skulum líta á nokkur leikverk sem verða á fjölum leikhússins á næstunni, um jólin og eftir áramót.**

**Óþelló í leikstjórn Gísla Arnar**
Jólasýningar Þjóðleikhússins er ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu og fullyrða má að áhorfendur eiga von á góðu nú um jólin. Þá verður frumsýnd ný gerð Gísla Arnar Garðarssonar leikstjóra af einu af meistaraverkum Shakespeares, Óþelló, í þýðingu Hallgríms Helgasonar. Meðal leikara og listrænna aðstanda sýningarinnar eru félagar Gísla Arnar úr Vesturporti, en fyrsta sýning þeirra, sem sló í gegn, var eimitt Rómeó og Júlía eftir Shakespeare. Samkeppni, metorðagirnd, slagsmál, afbrýðisemi og ástir skapa kraftmikla leikhúsupplifun í anda hinna vinsælu sýninga Vesturports.



**Ekkert lát á vinsældum aðventusýningarinnar**
Börnin eru nú þegar farin að streyma í Þjóðleikhúsið á aðventunni, að sjá hina sívinsælu sýningu  Leitina að jólunum. Hún er nú sýnd tólfta leikárið í röð, og fer sýningafjöldi að nálgast þriðja hundraðið. Sýningin er orðin ómissandi liður í hátíðahaldi margra, og gott er að tryggja sér miða hið fyrsta, enda allar sýningarnar að fyllast.



**Gói fer með börnin til Fjarskalands**
Börnin geta svo sannarlega haldið áfram að gleðjast í Þjóðleikhúsinu, því að undir lok janúar verður frumsýnt splunkunýtt leikrit, Fjarskaland, eftir einn af bestu vinum barnanna, Guðjón Davíð Karlsson eða Góa. Í sýningunni er bráðskemmtileg ný tónlist eftir Vigni Snæ. Selma Björnsdóttir leikstýrir þessari eldfjörugu barnasýningu, þar sem haldið er í spennandi hættuför inn í land ævintýranna!



**Söngleikurinn Djöflaeyjan fyrir fullu húsi**
Áhorfendur hafa sannarlega tekið söngleiknum Djöflaeyjunni fagnandi, og hefur hann verið sýndur við rífandi undirtektir allt frá því í byrjun september. Hér er á ferðinni bráðskemmtilegur og kraftmikill, nýr, íslenskur söngleikur, sem jafnt hreyfir við fólki og skemmtir, um leið og hann fjallar um áhugavert tímabil í sögu okkar Íslendinga. Heillandi og grípandi tónlist eftir Memfismafíuna, í flutningi framúrskarandi listamanna. Söngleikur sem allir geta haft gaman af!



**Siggi Sig heillar áhorfendur sem Ove**
Sigurður Sigurjónsson hefur náð að fanga hug og hjörtu áhorfenda í einleiknum Maður sem heitir Ove, en nú hafa þegar verið sýndar yfir 30 sýningar fyrir fullu húsi. Siggi kann sannarlega að kitla hláturtaugar áhorfenda, en með frábærum leik sínum tekst honum einnig að hreyfa við okkur í þessu hrífandi verki. Bráðfyndinn og nístandi einleikur um sorg og gleði, einangrun og nánd.



**Ágengt verk um ungt fólk í Kassanum**
Gott fólk eftir Val Grettisson, í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur, verður sýnt í Kassanum eftir áramót. Þetta er nýtt og ágengt íslenskt verk um ungt fólk, ástarsambönd, ofbeldi og refsingu, en þar er tekið á óvenjulegan og beinskeyttan hátt á málefnum sem varða okkur miklu í dag. Er hægt að beita ofbeldi án þess að átta sig á því?



**Tímaþjófurinn í nýrri leikgerð**
Tímaþjófurinn eftir Steinunni Sigurðardóttur er ein ástsælasta skáldsaga síðari ára. Þetta hrífandi verk um ástina, um óslökkvandi þrá, höfnun og missi, birtist okkur nú í fyrsta sinn á leiksviði, í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur. Einstakt skáldverk um leynilegt ástarævintýri, höfnun og missi, og þá sársaukafullu þráhyggju sem ást í meinum getur orðið. Verk sem er skrifað af djúpum mannskilningi og meitluðum húmor.



**Frumflutningur á Húsinu eftir Guðmund Steinsson**
Benedikt Erlingsson leikstýrir frumuppfærslu á áður ósýndu verki eins helsta leikskálds Íslendinga. Fjölskylda, hvað er það? Heimili, hvað er það? Húsið er óvenjulegt verk, gætt miklum áhrifamætti. Á upplausnartímum í heiminum, þar sem við okkur blasir örvæntingarfull leit þjakaðs fólks að samastað, spyr það áleitinna spurninga um hverjir mega búa hvar.



**Tvær heillandi sýningar fyrir yngri börnin**
Á litlu sviðunum verður boðið upp á tvær heillandi barnasýningar eftir áramót. Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sýnir hina undurfallegu, nýju sýningu sína Íslenska fílinn á Brúðuloftinu, en börn og fullorðnir njóta þessarar frábæru sýningar með ólíkum hætti. Í Kúlunni reynir Lofthræddi örninn Örvar að sigrast á ótta sínum, og kennir okkur um leið sitthvað um lífið, vináttu og hugrekki í hugmyndaríkri og skemmtilegri sýningu.



**Hláturskröst í Leikhúskjallaranum**
Fyrir þá sem vilja upplifa eitthvað óvænt og bráðfyndið í senn er tilvalið að bregða sér í Leikhúskjallarann að sjá spunameistarana í Improv Ísland eða hina sívinsælu uppistandara í Mið-Íslandi.



# Dún og fiður

## hefur haldið hita á Íslendingum í meira en 50 ár






Dún og fiður hreinsunin hefur verið starfandi í meira en hálfa öld og margur Íslendingurinn hefur átt leið sína til þeirra í gegnum árin. Eftir að Dún og fiður flutti sig hinum megin við götuna á Laugaveginum eru þau komin í stærra og bjartara húsnæði á Laugavegi 86 og æ fleiri landsmenn leita til þeirra til að sjá um sængur- og koddamálin fyrir sig.

Sjá þau um alla hreinsun á sængum og koddum sem er mjög gott að gera á 2-3 ára fresti. Auk þess sem þau framleiða sjálf sængurnar og koddana sem eru til sölu í versluninni og ýmislegt annað því tengt sem fólk óskar eftir. Sængurnar eru í ýmsum stærðum en algengustu stærðirnar eru 140 x 200 cm og 140 x 220 cm. Eru þetta sængur með gæðadúni, hvort sem um er að ræða andadún, svanadún, snjógæsadún og æðardún. Magnið í hverri sæng 1000-1100 grömm í minni stærðunum en meira í lengri sængunum. Sængur með þessu magni af dúni endast mjög lengi. Svo er Dún og fiður með allt sem tengist sænguverum, koddaverum, rúmteppum og margt fleira sem gerir rúmið þægilegt og glæsilegt. Eru þau með hágæða bómullar sængurlín frá Ítalíu sem er úr 100% egypskum bómull.



# Pönksafnið á að vera skemmtilegt







Í byrjun nóvember var Pönksafn Íslands opnað að Bankastræti 0, gamla almenningsklósettinu sem sinnti konum í spreng frá 1930 til 2006. Frægasti pönkari heims, Johnny Rotten úr The Sex Pistols, mætti á klakann til að vígja safnið, en aðstandendur þess segja það eigi að hylla íslenska rokktónlist sem spratt fram í kringum 1980 og var undanfari þeirrar sigurgöngu sem íslensk tónlist hefur verið á síðustu áratugina.

„Þetta er líklega eitt minnsta safn í heimi, en um leið risastórt, enda erum við að segja mikilvæga sögu“ segir Dr. Gunni, einn þeirra sem vann að uppsetningu Pönksafnsins. „Það er engum blöðum um það að fletta að stjörnuflug Bubba Morthens á þessum tíma dró vagninn og gerði bylgjuna jafn stóra og hún var. Flest það besta í íslensku rokki kom fram á þessum tíma – Purrkur Pillnikk, Þeyr, Fræbbblarnir, Utangarðsmenn og fleiri meistarar – en þó er ég alls ekki að kasta rýrð á þá góðu tónlist sem bönd eins og Stuðmenn, Hljómar og Spilverkið höfðu gert áður. Málið er bara að íslenska rokkið tók hvílíkri stökkbreytingu á þessum árum að annað eins hefur varla átt sér stað fyrr eða síðar. Landslagið var orðið algjörlega annað ef við berum saman árin 1979 og svo 1981.“

Sagan er sögð með ljósmyndum, plaggötum, hljóðdæmum, videóum, ítarlegum texta og eftirlíkingu af æfingarhúsnæði. „Á þessu safni eru gestir hvattir til að snerta sem mest, grípa í hljóðfærin og drekka í sig pönkið,“ segir Gunni. Hann segir viðtökurnar hafa verið góðar. „Það eru allir glaðir sem koma út úr Pönksafninu, enda á það að vera skemmtilegt. Við vorum svo heppnir að ráða síðasta sanna pönkara landsins sem safnvörð, hann Frikka pönk sem var í Sjálfsfróun, og hann er nú þarna sem einn af sýningargripunum líka.“

Pönksafnið er opið á milli 12 og 20 alla daga vikunnar og aðgangseyrir er þúsund krónur.








# Rauði krossinn

HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS 1717 .is





Mikið mæðir á Rauða krossinum á Íslandi yfir hátíðirnar eins og vera ber. Sjálfboðaliðar félagsins taka vel á móti fólki, hvort sem það þarf á aðstoð að halda eða óskar sjálft eftir því að styðja við starfið. Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir við Hverfisgötu, verður opin eins og venjulega, alla virka daga. Einnig verður opið annan í jólum milli 14 og 17 á sérstakri hátíðarstund. Konukot, athvarf fyrir heimilislausar konur, er opið alla daga ársins frá kl. 17 og verður engin breyting þar á yfir hátíð ljóss og friðar. Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarbifreið Rauða krossins, heldur áætlun alla virka daga þar sem ekið er milli staða í Reykjavík til að ná megi til sem flestra skjólstæðinga. Þá er Hjálparsíminn 1717 opinn alla daga ársins, allan sólarhringinn. Rétt er að minna einnig á netspjallið, sem sífellt fleiri færa sér í nyt. Jólin geta valdið streitu og fólk þarf ekki að skammast sín fyrir að upplifa erfiðar tilfinningar. Hjálparsíminn býður fólki að létta af sér og fá ráðgjöf um næstu skref, óski viðkomandi eftir frekari aðstoð eða faghjálp.




Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Reykjavík ætla sér að bjóða borgarbúum upp á heitt kakó á fjölförnum stöðum í miðborg Reykjavíkur, allar aðventuhelgar og sömuleiðis langt fram á kvöld þann 23. desember. Þar verður um leið safnað fyrir verkefnum deildarinnar.

Á Ingólfssvelli, skautasvellinu sem er byggt upp af NOVA, verður Rauði krossinn jafnframt með jólakofa. Þar verða til sölu skyndihjálpartöskur, rúðusköfur, sælgæti frá Freyju og heitt kakó. Óhætt er að mæla með skyndihjálpartöskum í jólapakkana, það er gjöf sem gæti bjargað mannslífi þegar mest liggur við.

Síðan er óhætt að mæla með fatabúðum Rauða krossins en þær má finna á þremur mismunandi stöðum í miðborg Reykjavíkur. Við Hlemm, við Laugaveg 12 og á horni Skólavörðustígs og Bergstaðarstrætis. Vanti glæsilegar jólapeysur eða ný spariföt fyrir jólasamkvæmið er óhætt að leita til Rauða krossins. Fatnaðurinn hefur aldrei verið glæsilegri og ávallt á einstaklega hagstæðu verði.

Rauði krossinn óskar miðborgarbúum, sem og öllu fólki um land allt, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.












# Sægreifinn

## er enginn venjulegur staður



Sægreifinn var stofnaður af Kjartani Halldórssyni árið 2003. Hann ætlaði aldrei að fara út í veitingarekstur, þetta gerðist eiginlega bara óvænt. Hann opnaði í verbúðinni fiskbúð og vildi vera með eitthvað sérstakt sem enginn annar var að selja. Fiskbúðin gekk vel og var mjög vinsæl af fólkinu í nágrenninu. Einn daginn komu erlendir ferðamenn til Kjartans á Sægreifann með fisk sem þeir höfðu veitt á sjóstöng úti á Faxaflóa. Þeir spurðu Kjartan hvort hann gæti grillað fiskinn fyrir þá. Kjartan var ekki kominn með grill á þessum tíma en þar sem þjónustulund hans er gríðarlega sterk skellti hann sér í BYKO og keypti eitt stykki útigrill og grillaði fiskinn fyrir ferðamennina. Þetta var fyrsta skref hans í áttina að veitingarekstri. Hann ákvað að fá sér borð og stóla og halda áfram að grilla fyrir gesti og gangandi. Því næst fór hann í humarsúpugerð og þá var ekki aftur snúið.

Kjartan Halldórsson lést í byrjun árs 2015 eftir langvarandi veikindi en Elísabet Jean sem unnið hefur hjá Kjartani um árabil hefur tekið við rekstrinum. Minning hans lifir meðal starfsmanna, kúnna og allra þeirra sem þekktu hann. Hann hafði mikil áhrif á það hvernig hafnarsvæðið er nýtt í dag, enda frumkvöðull á þessu svæði. Einnig hefur kallinn verði mótaður í vax og situr tvífari hans í aftari salnum og fylgist með gangi mála.

Sægreifinn við Gömlu höfnina er enginn venjulegur staður. Þar er mjög vinalegt andrúmsloft og minnir helst á heimili. Við fyrstu sýn líltur staðurinn út fyrir að vera tiltölulega lítill en hann leynir á sér því á neðri hæðinni eru tveir salir þar sem annarsvegar er setið á venjulegum stólum og hinsvegar á hrognatunnum með sérsaumuðum púða til að sitja á. Á efri hæðinni er svo 30 manna salur. Hann er mjög fallegur, minnir helst á sumarbústað. Þar má finna allskonar myndir og muni sem Sægreifinn hefur fengið að gjöf frá vinum og fastakúnnum. Salinn má panta fyrir ýmis tilefni, þar hafa verið haldnar brúðkaupsveislur, fermingar, stórafmæli og fleira.

Á Sægreifanum er ýmislegt á boðstólnum en þó stendur hin heimsfræga humarsúpa hæst. Uppskriftin kemur frá Kjartani en hann vildi ekki upplýsa um innihaldið, sagði það hernaðarleyndarmál en fullllvissaði þó fólk um að það væri hamingja í hverri skeið. Á boðstólnum er einnig mikið úrval af grilluðum fisk og hægt að gæða sér á hrefnusteik. Í byrjun október má finna ilm af signum fiski í pottunum og verður hann afgreiddur í hádeginu á fimmtudögum í vetur. Skatan fylgir að sjálfsögðu eftir og verður á boðstólnum í hádeginu fyrsta laugardag hvers mánaðar. Þetta eru mjög vinsælir réttir jafnt hjá ungum sem öldnum enda gaman að halda í við gamlar hefðir.

Það verður opið á Sægreifanum yfir jólahátíðina og skata verður á boðstólnum alla daga, allan daginn frá og með 17. desember. Ekki gleyma að panta borð fyrir Þorláksmessu.

Starfsfólk Sægreifans óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



















FYRIRTAK
málningarþjónusta

# TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

Fyrir





Eftir





Fyrirtak málningarþjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtak tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt að innan sem utan. Ef þarf að mála glugga, veggi og þak þá hringir þú í Fyrirtak.

Ámundi Tómasson er framkvæmda- og verkefnastjóri hjá Fyrirtak málningarþjónustu ehf. og hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár. Ámundi hefur mikla reynslu í málun og viðhaldi húsa. Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi húsa. Þeir nota eingöngu bestu efni sem reynsla er komin á fyrir íslenskan markað og standast ítrustu gæðakröfur.

Málarar hjá Fyrirtak málningarþjónustu eru allir með mikla og góða reynslu við málningarvinnu jafnt við útimálun sem og innimálun. Eingöngu er unnið upp úr góðum málningarkerfum og farið eftir þeim kerfum sem hafa reynst best við íslenska veðráttu.

FYRIRTAK
málningarþjónusta

fyrirtak@fyrirtak.is • www.fyrirtak.is • Sími 7707997



Sumt þolir
bara enga bið
Það er auðvitað alltaf skynsamlegt að spara og eiga fyrir hlutunum. En lífið passar ekki alltaf vel í Excel-skjal og stundum þarf einfaldlega að bregðast hratt við, bjarga málum eða grípa tækifæri. Þá koma Raðgreiðslur Borgunar til sögunnar og brúa bilið.
Raðgreiðslur
mastercard
maestro
VISA
VISA
ELECTRON
BORGUN